

Ed.

457. Nefndarátt

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911, og viðauka við þau lög.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Frumvarpið um einkasölu á tóbaki, sem náði samþykki Alþingis 1921, var samkv. greinargerð þess borið fram til þess að afla rikissjóði tekna á þennan hátt.

Í framsögu tók þáverandi fjármálaráðherra það fram, að frv. væri borið fram einungis í þessu skyni.

Málið mætti þá þegar mikilli mótspyrnu, andmælendur þess bentu rjettilega á það, að tekjuaukanum í rikissjóð mætti ná á eðlilegri og auðveldari hátt með því að hækka tóbakstollinn; hitt væri hvorki þarft nje nauðsynlegt, að ríkið tæki að sjer verslun með þessa vöru og gengi þannig lengra í einokunaráttina en orðið væri. —

Eins og kunnugt er, gekk málið fram, þó tæpt stæði í Nd., og hefir ríkið nú haft á hendi tóbaksverslunina í 3 ár.

Á stríðsárunum varð ríkið, sökum hins óvenjulega ástands, er þá ríkti, að taka í sínar hendur mikið af verslun landsins, og er ekki ósennilegt, að það hafi meðal annars haft áhrif í þá átt að hneigja hugi manna á þinginu 1921 að því ráði að bæta úr hinni brýnu tekjubörf ríkisins með því að láta landið taka að sjer tóbaksverslunina.

Verslun og viðskifti færast nú óðum í samt lag eftir ófriðinn og afleiðingar hans; er þess því engin þörf, að ríkið hafi verslunarrekstur með höndum.

Að því er snertir þá vörutegund, er hjer ræðir um, virðist auðvelt að ná tilgangi stjórnarfrv. frá 1921, þeim að afla rikissjóði tekna, þó tóbakseinkasalan sje lögð niður, ef tóbakstollurinn er um leið hækkaður sem því svarar, að hann skili til rikissjóðs svipaðri upphæð árlega eins og tollur og verslunararður af tóbakseinkasölnunni hefir gefið af sjer að meðaltali þessi 3 ár, sem hún hefir staðið.

Frumv. á þingskjali 55, sem Nd. Alþingis hefir nú samþykkt, fer í þá átt, að breyta fyrirkomulaginu á þennan hátt.

Greinargerð frv. sýnir ljóslega fram á það, að rikissjóður mun einskis í missa, nje heldur varan að verða neytendum dýrari, þó tóbakseinkasalan sje lögð niður, ef tollurinn á tóbaki er hæfilega hækkaður.

Meðalárstekjur rikissjóðs af einkasölunni (tollur og verslunararður) þau þrjú ár, sem hún hefir staðið, hafa orðið ca. kr. 649000. —

Tolltekjur rikissjóðs af tóbaksvörum á sama tíma, miðað við innflutt vörumagn, hefðu orðið með þeim tolli, er frv. gerir ráð fyrir, ca. kr. 650000 að meðaltali ár hvert.

Meiri hlutinn er þeirrar skoðunar, að innflutningur á þessum vörum, sem hefir minkað mikið síðan einkasalan hófst, muni aukast að mun, ef verslunin verður gefin frjáls, og að tolltekjurnar verði þannig talsvert meiri en gert er ráð fyrir, þegar miðað er við innflutning hinna þriggja umræddu ára.

Að öðru leyti vill meiri hlutinn láta þess getið, að hann er eindreginn á móti rikiseinokun á verslun yfir höfuð, nema svo standi á, að einokun sje þegar á komin, eins og ástatt var er rikiseinokun á steinoliu var lögleidd, eða af algerlega sjerstökkum ástæðum eins og þeim, sem fyrir lágu er einokunin á vinsölunni var leidd í lög.

Samkvæmt þessu leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1925.

Sig. Eggerz,
form.

Björn Kristjánsson.

Jóhann P. Jósefsson,
frsm.